

Nr. 31

2. apríl 2013

AUGLÝSING um þingprof og almennar kosningar til Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Þegar Alþingi, 141. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinna að rjúfa þing og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsætisráðherra hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi þegar framangreint stjórnarskipunarlagafrumvarp hefur verið samþykkt, en almennar kosningar fari fram laugardaginn 27. apríl 2013 eins og þegar hefur verið boðað á grundvelli 20. gr. laga nr. 24/2000.

Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir. “

Þar eð Alþingi hefur hinn 28. mars 2013 samþykkt nefnt stjórnarskipunarlagafrumvarp hefur Alþingi samkvæmt umboði verið rofið og ákveðið að almennar kosningar fari fram laugardaginn 27. apríl 2013.

Forsætisráðuneytinu, 2. apríl 2013.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Águst Geir Ágústsson.

A-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2013